

FUNDARGERÐ

Hluthafafundar Símans hf. miðvikudaginn 28. nóvember 2018, kl. 10:00

Haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 25, Reykjavík

Dagskrá

1. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins
2. Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar
3. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd
4. Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd
5. Önnur mál löglega upp borin

Stjórnarformaður, Bertrand B. Kan, setti hluthafafund félagsins og bauð fundarmenn velkomna. Tillaga hans um að Eiríkur Hauksson, yrði skipaður fundarstjóri var samþykkt. Fól stjórnarformaður skipuðum fundarstjóra stjórn fundarins. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Óskar Hauksson yrði kjörin fundarritari, sem var samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Til fundarins var boðað með Kauphallartilkyningu þann 7. nóvember s.l. Boðun er innan tilsettra tímafresta skv. grein 12.3 í samþykktum félagsins. Fundarstjóri úrskurðaði í kjölfarið fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans eru. Mætt var á fundinn fyrir 57,0207% af virku hlutafé.

Gengið var til dagskrár.

1. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins

- a) Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins vegna tilnefningarnefndar:

Í fyrsta lagi er lagt til að ný grein 10.12 bætist við samþykktir félagsins þar sem mælt er fyrir um að tilnefningarnefnd skuli starfa í félaginu og fyrirkomulag nefndarinnar.

„Í félaginu skal starfa tilnefningarnefnd, skipuð þremur einstaklingum. Tveir einstaklingar skulu vera kosnir á aðalfundi á ári hverju en einn nefndarmanna skal vera valinn af stjórn eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Hluthafafundur skal samþykkja starfsreglur tilnefningarnefndar en í þeim skal nánar kveðið á um störf og starfshætti nefndarinnar.“

Í öðru lagi er lögð til breyting á lið 5) í grein 11.2 sem verður svohljóðandi:

„5) Kosning tveggja einstaklinga í tilnefningarnefnd.“

Um er að ræða nýjan lið í grein 11.2 en aðrir liðir fá nýtt númer, þ.e. liður 6) verður 7), liður 7) verður liður 8 o.s.frv.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á lið 7) (sem eftir breytingu verður liður 8) í grein 11.2. og eftirfarandi texta bætt við:

„, sem og þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.“

Í fjórða lagi er lagt til viðbót við grein 11.4. þar sem eftirfarandi texti bætist við greinina á eftir orðunum „tillaga stjórnar um starfskjarastefnu“:

„, tillögur og skýrslu tilnefningarnefndar.“

Þá bætist einnig við sömu grein eftirfarandi setning aftast í greinina:

„Tillögur og skýrsla tilnefningarnefndar vegna framboða til stjórnar, sem berast frá birtingu fundarboðs og fram að fresti, til þess að skila framboði til stjórnar skal liggja fyrir á vefsíðu félagsins eigi síðar en 2 dögum fyrir aðalfund og á það sama við um aukafund þegar kosning til stjórnar er á dagskrá aukafundar.“

Til þess að tilnefningarnefnd geti hafið störf og skilað tillögum fyrir aðalfundi árið 2019 er lagt til eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða í viðauka við samþykktirnar:

„Hluthafafundur dags. 28. nóvember 2018 skal kjósa tvo nefndarmenn í tilnefningarnefnd sem skal taka til starfa í samræmi við starfsreglur tilnefningarnefndar samþykktar af hluthafafundi sama dag. Stjórn félagsins skipar einn nefndarmann.“

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum sem farið var með á fundinum.

- b) Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins vegna birtingar á lista yfir 20 stærstu hluthafa félagsins:

Stjórn félagsins leggur til að ný grein 5.4. verði bætt við samþykktirnar:

„Á meðan hlutir félagsins eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði skal félagið birta á vefsíðu þess upplýsingar um tuttugu stærstu hluthafa félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma og miða við að upplýsingar séu uppfærðar ekki sjaldnar en á mánaðarfresti. Birting á vefsíðu félagsins hefur þó aðeins upplýsingagildi og dregur ekki með nokkrum hætti úr gildissviði greinar 5.2.“

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum sem farið var með á fundinum.

2. Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar

Fundarstjóri bar upp tillögu um starfsreglur tilnefningarnefndar.

Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar var samþykkt samhljóða.

3. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Eftirtaldir aðilar buðu sig fram til tilnefningarnefndar:

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Steinunn Kristín Þórðardóttir

Þar sem fleiri gáfu ekki kost á sér til setu í tvö laus sæti tilnefningarnefndar voru ofangreindir aðilar sjálfkjörnir og þar með réttkjörnir til setu í tilnefningarnefndar Símans hf. til næsta aðalfundar.

4. Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd:

„Stjórn félagsins leggur til að þóknun nefndarmenn í tilnefningarnefnd fram að aðalfundi verði í samræmi við þóknun nefndarmanna í starfskjaranefnd eins og hún var ákveðin á aðalfundi 2018:

Formaður 110.000 kr. á mánuði

Aðrir nefndarmenn 55.000 kr. á mánuði

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

Ekki voru fleiri mál á dagskrá fundarins.

Fundargerð upplesin. Engar athugasemdir bárust og var fundi slitið kl. 10:15.



Eiríkur Hauksson
Fundarstjóri



Óskár Hauksson
Fundarritari